

Samflutningur farþega og farms – bættar almenningssamgöngur á landsbyggðinni

Combined transport of passengers and goods – strengthen public transport in rural areas of Iceland
Verkefni styrkt úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Andreas Macrander, andreas@publictransport.is

Ingi Gunnar Jóhannsson, hugarflug@internet.is

Sesselja Traustadóttir, hjolafaerni@hjolafaerni.is

Öflugt almenningssamgangnakerfi á landsbyggðinni er mikilvæg grunnþjónusta til að tengja saman sveitarfélög og landshluta og bjóða um leið umhverfisvænan ferðavalkost fyrir íbúa og ferðamenn. Almenningsamgöngur á Íslandi einkennast í dag af lágrí tíðni; jafnvel þannig að það þarf að bíða í nokkra daga eftir næstu ferð. Sumar landsbyggðaleiðir hafa verið aflagðar og stór svæði með brotthættum byggðum og mikilvægum ferðamannastöðum eru algjörlega án almenningssamgangna. Það er skortur á skipulögðum tengingum milli leiða mismunandi rekstraraðila og ferðahátta (rútur/ferjur/flug). Takmarkað pláss fyrir farangur skerðir einnig notkunargildi fyrir farþega á langferðum í kringum Ísland. Þetta gerir almenningssamgöngur með öllu ósamkeppnishæfar við einkabílinn / bílaleigubílinn. Fjöldi farþega er of lítil og rekstur óhagkvæmur.

Með Samflutningarannsóknarverkefninu erum við að skoða möguleikana á því að efla almenningssamgöngur á fámennum svæðum með því að;

- samnýta áætlunarbíla fyrir flutning á farþegum og farmi
- búa til eitt samfellt leiðakerfi með stofnleiðum kringum Ísland og skipulögðum tengingum

Við rýnum núverandi almenningssamgöngur og farmflutning á Íslandi, s.s. styrktar áætlunarleiðir (Strætó o.fl.), áætlunarleiðir í einkarekstri, póst- og vöruflutning.

Til samanburðar skoðum við fyrirmyndir frá Norðurlöndum þar sem samflutningar á varningi og fólki tíðkast bæði í Svíþjóð og Finnlandi. Þar er samfellt kerfi tengdra leiða sem gera almenningssamgöngur góðan ferðavalkost.

Áætlunarbílar Matkahuolto í Finnlandi flytja daglega bæði farþega og þúsundir pakka um allt land. Bussgods í Svíþjóð hefur í um áratug boðið farmflutning með áætlunarbílum á landsvísu. Á völdum leiðum í dreifbýli keyra jafnvel sérstakir samflutningsbílar sem eru með farþegasæti að framan og stóra vörulest að aftan. Vöruflutningur til fámennra byggða skapar grunnhagnaðinn á þessum leiðum og hægt er að bjóða daglegar ferðir farþega, þó fjöldi þeirra sé lítil.

Finnmark, nyrsta fylkið í Noregi, er jafn fámennt og landsbyggðin á Íslandi, en býður eitt samfellt leiðakerfi (Snelandia) með hraðleiðum milli helstu bæja (allt að 500 km leiðalengd) og skipulögðum tengingum í minni leiðir og pöntunarleiðum í öll þorp fylkisins. Árið 2016 var leiðakerfið endurhannað og farþegum fjölgaði um 300 til 600%, sérstaklega á hraðleiðum milli fylkisluta.

Er hægt að innleiða slíkt kerfi á Íslandi? Við stefnum að kynna nokkrar sviðsmyndir um hvernig mætti bæta almenningssamgöngur á Íslandi, efla nýtingu vagnanna og bjóða fleiri ferðir á fleiri leiðum. Hugmyndir um flutning pakka og varnings af mismunandi stærðargráðu verða kynntar. Einnig munum við kynna tillögu að skipulögðum akstri þannig að til verði eitt heildstætt almenningssamgangnakerfi sem býður fjölbreyttan notendahóp umhverfisvænan ferðamáta allt í kringum Ísland.

Upplýsingaröflun er enn í gangi og eru niðurstöður verkefnisins væntanlegar vorið 2020. Erindið á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar 1. nóv. 2019 er því „work in progress“ kynning og eru höfundar opnir fyrir athugasemdum og ábendingum.